



## 9. fundur stjórnar Aftureldingar 26. sept. 2012

### Fundur settur kl. 19 að Varmá.

Mætt: Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir. Anna Sigríður Guðnadóttir og Hekla Klemenzdóttir boðuðu forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg staða deilda um síðustu mánaðarmót – frestað.
2. Fjárhagsleg staða aðalstjórnar – frestað.
3. Samningaviðræður við Mosfellsbæ.
4. Starfið næstu mánuði, fundir og fleira.
5. Uppskeruhátíð Aftureldingar.
6. Veltiskiltið.
7. Staða á Errea samningi.
8. Lottónefndin.
9. Önnur mál.

1. Dagskrárlið frestað þar sem gjaldkeri forfallaðist.
2. Dagskrárlið frestað þar sem gjaldkeri forfallaðist.
3. Samningaviðræður við Mosfellsbæ. Fundað hefur verið tvisvar með formönnum. Fundað vikulega á miðvikudögum með stjórnarmönnum og formönnum. Framkvæmdastjóri mun boða til fundar með undirbúningsnefnd og bæjarstjórn, íþrótt- og tómstundanefnd og starfsmönnum bæjarins sem vinna að íþrótt- og tómstundanefnd til upplýsingar um starfsemi Aftureldingar og þjónustu félagsins við bæjarbúa.
4. Starfið næstu mánuði. Setja þarf niður fasta fundartíma aðalstjórnar og stórviðburði. Aðalstjórn mun funda annan hvern miðvikudag og reynir að halda auka fundi í kringum hann. Næsti fundur miðvikudag 10.10. kl. 18:10.
5. Uppskeruhátíð Aftureldingar. Til stóð að halda hátíðina 6. Október nk. Ákveðið hefur verið að halda hana 10. nóvember.
6. Veltiskiltið. Fara þarf yfir þjónustusamning skiltisins, nýtingu þess og rekstur.
7. Staða Errea samnings. Framkvæmdastjóri hefur fundað með Errea mönnum um yfirlit um inneignir deilda. Afhendingartíminn er oft langur, nokkuð sem fyrirtækið þarf að gera mönnum grein fyrir. Þess vegna þurfa deildir að sýna hagsýni í pöntunum (með góðum fyrirvara). Hafi deildir athugasemdir um búningamál skal koma þeim til framkvæmdastjóra.
8. Lottónefnd. Helga er fulltrúi Aftureldingar í Lottónefnd UMSK og upplýsti fundarmenn um útdeilingu Lottópeninga UMSK. UMSK útdeilir eftir félagatali, ekki iðkendatali (eins og ÍBR gerir).
9. Önnur mál. Þjónustusamningur við heimasíðu Aftureldingar. Framkvæmdastjóri vinnur í því máli með Önnu Sigríði Guðnadóttur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:40. Næsti fundur verður haldinn 10. október kl. 18:10.

Fundargerð ritaði Kristín Reynisdóttir.